

Jafnréttis- og mannréttindastefna Dalskóla



Grundvöllur mannréttindastefnu Dalskóla er mannréttindastefna Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 18. október 2016. Lögum um jafnan rétt og stöðu kvenna og karla nr. 10/2008. Sérstaklega er lögð áhersla á hvernig unnið skal að því að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem tilgreind eru í 19.–22. gr. laganna auk þess er áhersla lögð á 23. gr. laganna sem snýr að menntun og skólastarfi. Einnig er byggt á rauðum þráðum aðalnámskrár grunnskóla um lýðræði og mannréttindi annars vegar og jafnræði hins vegar.

Þróun skólastarfs í átt til jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda felst fyrst og fremst í mótun viðhorfa og menningar. Skapa þarf umhverfi samræðu, þekkingarleitar og þróunarstarf. Skólinn er lærdómssamfélag og leggur mikla áherslu á valdeflingu starfsmanna og lýðræðisleg vinnubrögð.

Í kaflanum um hornsteina skólans segir þetta um hornsteininn lýðræði og félagsleg virkni barna:

Í Dalskóla er lögð áhersla á lýðræði og virkni nemenda. Þetta er gert með því að nýta samræðuformið, samvinnuaðferðir og skapandi kennsluaðferðir..... Á öllum aldurstigum hafa nemendur ýmislegt val um nám sitt og leik. Nemendur á grunnskólaaldri hafa með hækkandi aldri alltaf aukið val um ýmsa framsetningu á námsskilum. Nemendur sitja í skólaráði og eiga þar rödd. Í undirbúningi skólaráðsfundanna vinna þeir einstök hópvinnuverkefni með námshópnum sínum. Börnin eiga fulltrúa í grænfána- og umhverfisnefndinni og lögð er áhersla á að rödd þeirra hljómi. Nemendur funda reglulega með frístundakennurum og skipuleggja starfið með þeim. Í frístund er unnið með barnasáttmálann og barnalýðræði. Í Dalskóla er lögð áhersla á samverustundir á leikskóladeildum þar sem börnin fá þjálfun í lýðræði, virkri hlustun og að þau eru vakin til meðvitundar um margt er varðar jafnrétti og mannréttindi.

Með því að leggja áherslu á aldursblandaða hópa og teymisvinnu kennara að þá þjálfast allir í félagsfærni og að leggja sitt framlag til skólamenningarinnar....

Dalskóli starfar eftir uppeldisstefnunni Jákvæður agi. Sú stefna var valin þar sem hún samræmist stefnu skólans um ákveðin viðhorf til almenns uppeldis og til einstaklingsins. Jákvæður agi gengur út frá þeirri grunnþörf manneskjunnar að vilja tilheyrja og að mörg hegðun og hugsun mótast og þróast af þeirri viðleitni barna og fullorðinna. Stefnan gengur út á samræðu barna á svokölluðum barnafundum eða bekkjarfundum sem haldnir eru tvisvar til þrisvar í viku. Samræða og lýðræðisformið er þannig samofið skóladeginum í Dalskóla. Frístundastarfsmenn hafa markvisst unnið með barnasáttmálann og lýðræði.

Jafnréttisáætlun er kynnt öllum þeim sem hún varðar, á kynningarfundum að hausti, á starfsmannafundum og er sýnileg á heimasíðu skólans. Áætlunin er til þriggja ára og er endurskoðuð reglulega á tímabilinu.

Aðgerðaráætlun 2018-2021

Skólasamfélagið

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttissjónarmið á að einkenna allt starf Dalskóla	Jafnrétti skal haft í huga við allar ákvarðanir sem og áætlanagerð í skólasamfélaginu	Allir starfsmenn	Allt skólaárið
Menning og skólabragur einkennist af fordómaleysi í garð allra hópa samfélagsins	Jafnréttisáætlun kynnt öllum í skólasamfélaginu og markvisst unnið eftir henni	Skólastjórnendur	Í upphafi hvers skólaárs

Starfsmenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Launajafnrétti, ráðningar, endurmenntun, jafnrétti og viðbrögð við starfsbrotum skal ástunda eins fyrir bæði kyn, allan aldur og öll þjóðerni.	Jafnrétti og jafnræði haft til hliðsjónar við ráðningar, skipulag endurmenntunar sem og þegar upp koma brot í starfi. Unnið er samkvæmt kjarasamningum KÍ, SFR og Eflingar og þess gætt að ekki halli á kynin hvað varðar vinnutímaramma og yfirvinnu	Skólastjórnendur	Allt skólaárið, sértaklega þegar vinnuskýrslur eru unnar í upphafi hvers skólaárs.
Í skólanum er leitast við að þar starfi hönd í hönd bæði karla og konur.	Við ráðningar sé leitast við að ráða til jafns karla og konur. Við auglýsingar starfa sé það kyn sem hallar á í starfsmanna- hópnum sérstaklega hvatt til að sækja um.	Skólastjórnendur	Ávallt þegar starf er auglýst og við allar ráðningar innan skólans

	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar.		
Að hluti af símenntun starfsmenna varði jafnrétti, lýðræði og mannréttindi	Starfsmenn séu fræddir um jafnrétti, lýðræði og mannréttindi árlega	Skólastjórnendur	Við skipulag símenntunar hvers skólaárs
að starfsmönnum sem vinna sambærileg störf standi jafnt til boða endurmenntun og starfsþjálfun.	Í endurmenntunar-áætlun skólans er þess gætt að starfsþjálfunar- og endurmenntunarnám-skeið séu ætluð báðum kynjum.	Skólastjórnendur	Endurmenntunar-áætlun kynnt við upphaf hvers skólaárs
Að starfsmönnum sé gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf	Stjórnendur vinni að því að starfsmenn geti sem best samræmt starfsskyldur sínar við fjölskyldulíf	Skólastjórnendur	Allt skólaárið
Að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir starfsfólki og þá sérstaklega verðandi foreldrum, réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.	Skólastjórnendur	Kynnt í upphafi hvers skólaárs
Að unnið sé gegn kynbundnu ofbeldi, áreitni og kynferðislegri áreitni og markvisst brugðist við samkvæmt ferlum komi upp slík mál.	Markvisst kynnt fyrir starfsfólki að áreitni og ofbeldi verði aldrei liðið innan skólans. Komi upp mál verði unnið með þau samkvæmt verkferlum Reykjavíkurborgar Verkferlar Reykjavíkurborgar kynntir starfsfólki	Skólastjórnendur	Kynnt í upphafi hvers skólaárs og ef tilefni er til
Að einu sinni á ári verði endurmenntunarfundur sem ræðir jafnréttismál	Jafningjafræðsla eða aðkeypt fræðsla	Skólastjórar	Á skólaárinu

Jákvæður agi verði virkur hluti skólamenningar Dalskóla og nemendur, foreldrar og starfsmenn þekki tæki og leiðir stefnunnar	Greining á því hvort starfsmenn fylgi stefnunni . Það gert með viðtölum og könnunum í febrúar ár hvert	Skólastjórnendur	Lokið í febrúar og greining á gögnum í mars
--	--	------------------	---

Uppfræðsla og menntun nemenda

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendum og börnum skal veita hvatningu til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.	Samræða og fræðsla skal eiga sér stað um staðalmyndir, náms- og starfsfræðsla þar sem lögð er áhersla á að kynna báðum kynjum öll störf og öll ráðgjöf skal taka mið af jafnrétti kynja	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi	Að hausti við gerð námsáætlana
Styrkja skal jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn neikvæðum samfélagsáreitum (klámvæðing, auglýsingar, ofbeldi og firringu).	Samræða og fræðsla skal eiga sér stað um áhrif samfélagsáreita á kynímyndir kynjanna.	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi	Að hausti við gerð námsáætlana
Að kynjasamsetning sé höfð til hliðsjónar við alla áætlunargerð og stefnumótun innan skólans	Tekið sé tillit til kynjasamsetningar við alla áætlanagerð og stefnumótunarvinnu innan skólans	Skólastjórnendur	Að hausti ár hvert
Fræðsla um jafnrétti skal vera hluti af skólastarfinu á öllum skólastigum þar sem áhersla skal m.a lögð á að kyn séu búin undir jafna þátttöku í samfélaginu	Jafnréttisfræðsla samofin kennsluefni á öllum skólastigum	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi	Við gerð námsáætlana að hausti
Námsefni skal ekki mismuna eftir kynjum eða uppruna.	Námsefni sé valið með jafnrétti og jafnræði í huga	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi	Við gerð námsáætlana að hausti

Mannréttindi allra hópa skulu höfð að leiðarljósi			
Námsefni skal kynna aðstæður fólks með ýmiskonar fatlanir	Námsefni sé valið með aðstæður fólks með fötlun í huga	Kennarar	Við gerð námsáætlana að hausti
Vinna skal með fordóma sem snerta kyn, aldur, búsetu, stétt, stöðu og rækta með börnum jafngildis hugtakið	Samræða og fræðsla skal eiga sér stað um ýmiskonar fordóma. Tækifæri sem gefast til að ræða fordóma tekin úr samfélaginu og daglegu lífi innan skólans	Kennarar	Við undirbúning hvers skólaárs
Að unnið sé gegn kynbundnu ofbeldi, áreitni og kynferðislegri áreitni og markvisst brugðist við samkvæmt ferlum komi upp slík mál.	Fræðsla fyrir nemendur í tengslum við lífsleikni. Nemendur geta rætt við námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Unnið samkvæmt ferlum skólans komi upp brot.	Skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafi	Allt skólaárið, sérstaklega kynnt í upphafi hvers skólaárs og ef tilefni gefst til

Samskipti heimilis og skóla

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Báðir foreldrar barns séu jafngildir í samskiptum við skóla	Starfsmenn skóla skiptast á að hafa samband við móður og föður ef haft er samband heim. Báðir foreldra séu ávallt hvattir til að sækja foreldraviðtöl sem og viðburði innan skólans. Í aðlögun barna á leikskólaaldri skal styðja báða foreldra til þátttöku	Allir starfsmenn	Allt skólaárið

Að í 95% tilvika sé hringt til skiptis í forsjáraðila	Rætt á starfsmannafundum	Skólastjórar	Fundir fara fram í október og apríl
Stuðlað sé að kynjajafnvægi í ráðum	Leitast er við að hafa bæði karla og konur, sem og foreldra með ólíkan bakgrunn í skólaráði og öðrum foreldrahópum	Skólastjórnendur	Við skipun í ráð og nefndir í upphafi skólaárs
Tryggja að upplýsingar berist öllum, sérstaklega þeim sem hafa íslensku ekki sem móðurmál.	Upplýsingapóstur frá skólanum séu sendir á þeim tungumálum sem nemendasamsetningin krefst. Í námsviðtölum eru bókaðir túlkar þar sem þörfin er	Kennarar, skólastjórnendur og ritari	Allt skólaárið
Eiga samtalið við foreldrafélag og skólaráð til að sinna félagsmálum barna af erlendum uppruna	Á haustfundum er málið rætt og vorfundum árangur metinn	Skólastjórar og foreldrafélag	maí
Kynning jafnréttisáætlunar	Á skólakynningum í september	Skólastjórar	September og þekking á stefnunni könnuð í foreldrakönnun í feb. - apríl

Eftirfylgni

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlun skili þeim tilætluðum árangri	Viðhorfskönnun foreldra. Matsfundur starfsmanna. Starfsþróunarsamtöl	Skólastjórnendur	Mars ár hvert
Að jafnréttisáætlun sé endurskoðuð reglulega	Endurskoðun áætlunar í kjölfar viðhorfskönnunar	Skólastjórnendur	Lokið í mars 2021